

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 23. febrúar, var haldinn 126. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði í Grafarvogi og hófst fundurinn kl. 17:07. Viðstödd voru Bergvin Oddsson, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Rafn Guðmundsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ólafur Guðmundsson. Auk þeirra sátu fundinn Jóhannes Óli Garðarsson áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs, Margrét Richter, sérfræðingur fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og fristunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Umræður um Betri hverfi í Reykjavík. Eftirfarandi bókun var gerð:

Fyrirkomulag hverfakosninganna Betri hverfi eins og það hefur verið síðustu ár. Álit ráðsins

a. almennt.

Hverfisráð er ánægt með hugmyndina um Betri hverfi. Fyrirkomulagið má þó bæta til dæmis með betri upplýsingum til íbúa og betra samráð við tillögugjafa um útfærslur hugmynda. Hverfisráð mælir með því að verkefninu verði fundið nýtt nafn til aðgreiningar frá Betri Reykjavík.

b. á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu.

Hverfisráð telur reglur um hvernig það á að meta tillögur stífar og takmarka aðkomu þess. Ráðið telur embættismenn of duglega við að finna athugasemdir sem stýra niðurstöðu ráðsins um hvaða verkefni geti farið í kosningu hverju sinni. Jafnframt telur ráðið reglur um fjölda verkefna of stífar. Mikilvægt er að takmarka ekki aðkomu hverfisráðs og íbúa með of stífum reglum ef efla á íbúalýðræði.

2. Tillögur hverfisráðs að breytingum á fyrirkomulagi hverfakosninganna Betri hverfi 2016

a. almennt.

Hverfisráð hvetur til aukins samtals við íbúa um málefni hverfanna tímalega fyrir kosningar í Betra hverfi til aðvirkja áhuga, hugmyndaauðgi og samfélagsvitund og á þann hátt tryggja fjölbreyttari og áhugaverðari verkefni í pottinum. Hverfisráð telur að kosning í Betri hverfi hvers árs eigi að fara fram haustið áður.

b. á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu.

Hverfisráð vill fá víðtækari heimildir til þess að hafa aukið vald yfir því hvaða verkefni íbúar fá að kjósa um í betri hverfum. Þannig sé það tryggt að vinsæl verkefni nái í gegn og fá að fara í kosningu.

Fundi slitið kl. 18.45

Bergvin Oddsson

Guðbrandur Guðmundsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Gísli Rafn Guðmundsson
Ólafur Guðmundsson